

***Golfklúbbur Fjallabyggðar  
Stofnaður 1968.***

# **Ársskýrsla 2020**

Aðalfundur 31. maí 2021



## Aðalfundur Golfklúbbs Fjallabyggðar Haldinn í Menntaskólanum á Tröllaskaga 31. maí 2021

### Dagskrá:

1. Setning fundar.
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
5. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagðar fram tillögur um breytingu laga og reglugerða. Umræður, tillögurnar bornar undir atkvæði.
7. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta starfstímabils ásamt tillögum um félagsgjöld.
8. Kosning stjórnar og varamanns í stjórn skv. 6. gr.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna skv. 6. gr.

- Fundarhlé -

10. Önnur mál.

## Skýrsla stjórnar Golfklúbbs Fjallabyggðar

Tímabil: 1. nóvember 2019 – 31. október 2020.

Vertíð Golfklúbbs Fjallabyggðar hófst formlega 17. júní eftir afar snjóþungan vetur. Veðurfar einkenndist af köldu vori, köldum júní en ágætu sumri. Einn af hátindum sumarsins var Íslandsmót golfklúbba, 3. deild karla sem haldin var á Skeggjabrekkuvelli. Heimsfaraldurinn Covid-19 setti svip sinn á vertíðina. Framkvæmdir á golfvelli héldu áfram sínu striki. Töluverð fjölgun varð á félagsmönnum sem og meiri umferð ferðamanna. Félagsmenn voru duglegir að taka þátt í mótum, bæði heima fyrir og annars staðar. Tveir kylfingar fóru holu í höggi. Nýtt tölvukerfi er komið í notkun og samhliða því er nýtt forgjafakerfi innleitt.

### Völlur, golfskáli og vélar

Völlurinn var í mjög góðu standi þetta árið og er það meðal annars okkur ágætu vallarstarfsmönnum að þakka, þeim Ólafi Halldórssyni og Daníel Ísak Ólafssyni.

Um miðjan ágúst var farið að leika golf á þremur nýjum holum sem liggja inn á dalinn.

Auk venjubundins viðhalds á vellinum, teigum og flötum, var haldið áfram með nýju framkvæmdirnar inn á dal. Því var bæði sinnt af starfsmönnum vallarins og félagsmönnum.

Framkvæmdum fylgdu breytingar á legu vallarins. Fyrsta braut, ný þar 5 hola, 439 m af aftari teigum og 399 m af fremri teigum. Önnur brautin, einnig ný þar 3, slegið yfir stíflulón, 148 m af aftari teigum og 117 m af fremri teigum. Þriðja brautin, einnig ný þar 4 hola, 263 m af aftari teigum og 218 m af fremri teigum. Síðan var völlurinn leikinn eins, frá gömlu 2. braut (í dag leikin sem 4. braut) að gömlu 7. braut (í dag leikin sem 9. braut).

Þar vallarins verður því 34. Almenn ánægja var með þessar nýju holur, eitt, tvö og þrjú.

Þetta verður til þess að gamla 8. og gamla 9. braut detta út og verður hluti af því svæði notað sem æfingasvæði.

Á haustdögum hófust nýframkvæmdir á stórra flöt en á henni verða 2 sameiginlegar flatir. Er stefnan sett á að þetta verði fyrir flatir á brautum nr. 4 og 8. Fjórða brautin verður þar 3 en áttunda braut verður þar 4. Grastec ehf. hefur haft umsjón með framkvæmdum á vellinum. Ber að þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum við þá uppbyggingu og þá sérstaklega vallarnefnd og framkvæmdanefnd.

Vinnukvöld voru í byrjun sumars þar sem völlur og golfskáli voru undirbúin fyrir sumarvertíðina.

Mæting var góð og mörg verk unnin af hendi. Má þar nefna girðingarvinnu, farið yfir merkingar á velli og golfskáli þrífinn.

Bætt var við vélakost hjá félaginu. Fjárfest var í vinnubíl að gerðinni Toro Workman HDX-D, árgerð 2014. Einnig var fjárfest í sandara að gerðinni Toro Topdresser 1800, árgerð 2017. Einnig var kargavél aðgerðinni Toro GM-4500 skipt í Toro GM-4300 sem er aðeins minni tegund og þægilegri á Skeggjabrekkuvöll.

### Félagsstarf

Fjöldi félagsmanna er 137 og var fjölgun um 14% á árinu. Fjölgun átti sér stað bæði í yngri og eldri hópum. Aðalfélagar telja 125 og aukafélagar 12. Aðalfélagar skiptast þannig að fjöldi 19 ára og eldri er 86, þar af 2 heiðursfélagar, en 18 ára og yngri er 39. Kynjahlutfall félagsmanna er 67% karlar á móti 33% konur. Meðalaldur félagsmanna lækkaði um þrjú ár og stendur í 39 ára.



Barna og unglíngastarfið hélt úti æfingum fyrir ungmennin. Þrjátíu og níu ungmenni eru skráð í golfklúbbinn og sóttu þau æfingar þrisvar sinnum í viku. Leiðbeinandi var Sigurbjörn Þorgeirsson og honum til aðstoðar Rósa Jónsdóttir og Sara Sigurbjörnsdóttir.

Konukvöldin vinsælu voru á mánudögum og Miðvikudagsmótaröðin var fastur liður yfir sumarið. Félagið hélt að auki nokkur opin golfmót. Góður hópur heldri kylfinga hittust flesta morgna sumars og léku golf saman. Góð þátttaka var í þessum skipulögðu atburðum sumarsins.

Tveir kylfingar fóru holu í höggi á árinu. Baldur Sam Harley, GA, fór holu í höggi, 28. júlí, á 8. holu og Elvar Aron Hauksson, GHG, fór holu í höggi, 23. ágúst, á 5. holu (gamla 3. hola).

Heimsfaraldurinn Covid-19 hafði áhrif á starfsemina. Reglur voru settar um fjarlægðartakmörkun og ýmsar leiðir til þess að fækka snertiflötum. Sérstakir hólkar voru settir í holur, hrifur fjarlægðar úr sandglompum, ruslatunnur teknar úr notkun og sóttvarnir auknar.

Nýtt hugbúnaðarkerfi Golfbox var tekið í notkun á Íslandi á árinu. Það hefur því leyst golf.is af hólmi. Golfbox hefur frá árinu 2003 rekið og þróað hugbúnaðarkerfi fyrir golfklúbba, golfsambönd og mótshaldara. Það hefur verið í notkun í tugum landa með góðum árangri. Kerfið býr yfir fullkomnu mótakerfi, nýju forgjafarkerfi (WHS), rástímakerfi og ýmsum öðrum möguleikum sem styðja við starfsemi golfklúbba. Vel gekk að læra og innleiða kerfið og býður það upp á fjölmarga möguleika í tengslum við mótahald.

### Forgjöf

Nýtt forgjafarkerfi, World Handicap System (WHS), var innleitt á Íslandi. Breytingin fól í sér að forgjöfin reiknast út frá átta bestu skorum leikmannsins af tuttugu. Notast verður við sérstaka útreikninga til að taka tillit til óvenju góðra skora leikmanna og ákveðnar skorður settar við hækkun forgjafar. Þetta var gert til þess að sameina sex ólík kerfi sem hafa verið við lýði í heiminum til þessa. Forgjafarflokkarnir gilda ekki lengur og er því einungis einn flokkur. Aðalfélagar GFB, 125 talsins, skiptast niður eftir eldra flokkakerfinu:

1. flokkur	(fgj. 4,4 og lægri)	4	3%
2. flokkur	(fgj. 4,5 - 11,4)	4	3%
3. flokkur	(fgj. 11,5 - 18,4)	15	12%
4. flokkur	(fgj. 18,5 - 26,4)	18	15%
5. flokkur	(fgj. 26,5 - 36,0)	15	12%
6. flokkur	(fgj. 37,0 – 54,0)	69	55%

### Mót sumarsins

Mótanefnd GFB sá fyrir öflugum mótastarfi í ár og voru 32 mót á mótaskránni. Mjög góð þátttaka var í mótunum og nam heildarfjöldi þátttakenda í þeim 627. Um þriðjungur félagsmanna voru virkir þátttakendur í mótum sumarsins og var markmiðið að ná til kylfinga á öllum getustigum. Helstu mót sumarsins voru:

- Meistaramót GFB, fjöldi þátttakenda 20, Klúbbmeistarar voru þau Sigurbjörn Þorgeirsson og Dagný Finnsdóttir.
- Miðvikudagsmótaröðin, stigamót. Leiknar voru 12 umferðir og heildarfjöldi þátttakenda í mótaröðinni var 36. Í forgjafarflokki 26,4 og lægri var þáttökufjöldi 29 og í áskorendaflokki var þáttökufjöldi 10. Sigurbjörn Þorgeirsson varð stigameistari í högggleik án forgjafar með 85 stig. Björn Kjartansson varð stigameistari í forgjafarflokki 26,4 og lægri með 74 stig. Brynjar Heimir Þorleifsson varð stigameistari í áskorendaflokki með 79 stig.

- Minningamót GFB, fjöldi þátttakenda 31, punktakeppni með forgjöf í karla- og kvennaflokki. Í karlaflokki sigraði Böðvar Þórisson (GOS) og Gígja Kristín Kristbjörnsdóttir (GHD). Fylkir Þór Guðmundsson (GFB) lék á fæstum höggum, 68 höggum.
- Golfmót Kaffi Klöru. Leiknar voru 9 holur með Texas scramble fyrirkomulagi og mættu 18 pör til leiks. Sigurliðið í mótinu varð liðið Grautarhausarnir, þau Sara Sigurbjörnsdóttir (GFB) og Einar Ingi Óskarsson (GFB).
- Opna Rammamótið, þátttökufjöldi var 31, punktakeppni með forgjöf í karla og kvennaflokki. Þorgeir Örn Sigurbjörnsson (GFB) sigraði í karlaflokki og Rósa Jónsdóttir (GFB) í kvennaflokki. Þorgeir Örn Sigurbjörnsson (GFB) lék á fæstum höggum, 67 höggum.
- Opna Kristbjargarmótið, fjöldi þátttakenda 25, punktakeppni með forgjöf í karla- og kvennaflokki. Sigurvegarar voru þau Stefán Bjarni Gunnlaugsson (GA) og Björg Traustadóttir (GFB). Jóhann Már Sigurbjörnsson (GKS) lék á fæstum höggum, 76 höggum.
- Norðurlandsmótaröð barna og unglunga, fjöldi þátttakenda 79. Þátttakendur voru fulltrúar golfklúbba á Norðurlandi og keppt var í 10 flokkum. Í flokki 17-18 ára sigruðu þau Lárus Ingi Antonsson (GA) og Sara Sigurbjörnsdóttir (GFB). Í flokki 15-16 ára sigruðu þau Einar Ingi Óskarsson (GFB) og Kara Líf Antonsdóttir (GA). Í flokki 14 ára og yngri sigruðu þau Veigar Heiðarsson (GA) og Auður Bergrún Snorradóttir (GA). Í flokki 12 ára og yngri sigruðu þau Maron Björgvinsson (GHD) og Bryndís Eva Ágústsdóttir (GA). Í byrjendaflokki léku þau Árni Helgason (GFB) og Ólöf Elsa Friðriksdóttir (GFB) á fæstum höggum.
- Kvennamót GFB, fjöldi þátttakenda 32. Leikfyrirkomulag var punktakeppni með forgjöf í tveimur flokkum. Í forgjafarflokki 0-28 sigraði Marsibil Sigurðardóttir (GHD) og í forgjafarflokki 28,1 sigraði Anna Þórisdóttir (GFB). Marsibil Sigurðardóttir (GHD) lék á fæstum höggum, 77 höggum.

### Þátttaka í mótum

Karlalið GFB lék í 3. deild golfklúbba sem þetta árið var leikin hér á Skeggjabrekkuvelli. Liðið gerði sér lítið fyrir og fór með sigur af hólmi, unnu Grindavík úrslitaleiknum. GFB mun því leika í 2. deild að ári. Sveitina skipuðu þeir Ármann Viðar Sigurðsson, sem jafnframt var liðstjóri, Bergur Rúnar Björnsson, Fylkir Þór Guðmundsson, Gunnlaugur H. Elsuson, Sigurbjörn Þorgeirsson og Þorgeir Örn Sigurbjörnsson.

Kvennasveit GFB tók þátt í Íslandsmóti golfklúbba sem leikin var á Vatnsleysuströnd. Sveitin endaði í þriðja sæti og mun leika aftur í sömu deild að ári. Sveitina skipuðu þær Björg Traustadóttir, Brynja Sigurðardóttir, Dagný Finnsdóttir, Rósa Jónsdóttir, sem jafnframt var liðstjóri, og Sara Sigurbjörnsdóttir.

Sameiginleg kvennasveit GFB og GHD lék í fyrstu deild, Íslandsmóts öldunga kvenna, eftir að hafa tryggt sér áframhaldandi sæti í fyrstu deild. Mótið fór fram í Vestmannaeyjum. Sveitina skipuðu þær, fyrir hönd GFB, Björg Traustadóttir, Hólmfríður Jónsdóttir, Jóna Kristín Kristjánsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir og fyrir hönd GHD, Indíana Auður Ólafsdóttir, Marsibil Sigurðardóttir og Sólveig Kristjánsdóttir. Sveitin endaði í 8. sæti og mun því leika í 2. deild að ári.

Að vanda voru félagsmenn GFB duglegir að taka þátt í opnum mótum utan Fjallabyggðar og oft á tíðum stóðu þeir sig með þryði.

### Lokaorð

Þrátt fyrir heimsfaraldur var mögulegt að halda úti nokkuð eðlilegri starfsemi. Blómlegt félagsstarf, fjölgun kylfinga, þátttaka í mótum og uppbygging hefur einkennt árið. Félagið á góða félagsmenn

sem hafa verið tilbúnir að aðstoða við uppbygginguna. Án þeirra væri það ekki mögulegt. Að lokum vil ég þakka stjórn og nefndarfólki fyrir framlag þeirra í þágu félagsins.

Fh. stjórnar GFB, Rósa Jónsdóttir, formaður

**Stjórn Golfklúbbs Fjallabyggðar 2020**

Rósa Jónsdóttir, formaður

Sigurbjörn Þorgeirsson, varaformaður

Ármann Viðar Sigurðsson, gjaldkeri

Björg Traustadóttir, ritari

Dagný Finnsdóttir, meðstjórnandi

Konráð Þór Sigurðsson, varastjórn





# *Ársreikningur*

**2020**

# Golfklúbbur Fjallabyggðar

Ólafsfirði

## Ársreikningur 2020

### Efnisyfirlit

Áritun .....	2
Rekstrarreikningur .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Skýringar .....	5-6



## Áritun

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Golfklúbb Fjallabyggðar fyrir árið 2020 eftir bókhaldi félagsins.

Ársreikningurinn sem er á bls 1-6 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1- 9.


Golfskáli, geymsla og verkfærageymsla er ekki fært til eignar í bókhaldi, en er metið á kr. 8.408.000,- í fasteignamati.

Hagnaður var á árinu kr. 510.363,- Styrkur kr. 4.000.000,- er færður á móti framkvæmdum á eigið fé og kemur ekki inn í rekstur. ,

Árinu 2019 er breytt til samræmis.

Ólafsfirði, 20. janúar 2020

Þorsteinn Ásgeirsson



Við kjörnir endurskoðendur Golfklúbbs Fjallabyggðar höfum skoðað reikninga og fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert og teljum því reikningana rétta.

Ólafsfirði, 4. mars 2021

Jóhann M. Þorvaldsson

Þjórn Kjartansson

## Áritun Stjórnar

Stjórn Golfklúbbs Fjallabyggðar samþykkir hér með ársreikning GFB fyrir árið 2020.

Rósa Jónsdóttir

Sigurð. Þorgeirsson

Anna V. Sigurðsson

Dagmar Þorvaldsson

Þórunn Þorvaldsson

Kenneth G. Sigurðsson

## Rekstrarreikningur 2020

	Skýringar	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Rekstrartekjur .....	1	6.349.112	4.907.162
Aðrar tekjur og styrkir .....	2	5.607.699	5.353.708
		<u>11.956.811</u>	<u>10.260.870</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Vörunotkun .....	3	696.507	583.607
Rekstur golfskála .....	4	503.007	428.532
Rekstur véla og tækja .....	5	1.262.183	820.610
Rekstur golfvallar .....	6	6.482.729	5.393.178
Ýmis rekstrarkostnaður .....	7	2.119.905	2.278.891
Afskriftir véla og tækja.....		1.058.921	904.728
		<u>12.123.252</u>	<u>10.409.546</u>
<b>Rekstrarhagnaður(tap)</b>		<b>(166.441)</b>	<b>(148.676)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		11.236	15.846
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....		(119.932)	(111.357)
		<u>(108.696)</u>	<u>(95.511)</u>
Söluhagnaður vélar.....		785.500	
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<b><u>510.363</u></b>	<b><u>(244.187)</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. október 2020

Eignir	Skýringar	2020	2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Geymsluskúr+ gámur .....		132.745	136.574
Áhöld og tæki skv. fyrningaskrá.....		9.519.767	8.123.174
Framkvæmdir við golfvöll		16.488.773	15.691.822
		<u>26.141.285</u>	<u>23.951.570</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Arionbanki Ólafsfj. Reikn. 402207 framkvæmdir.....		2.929.833	3.679.397
Arionbanki Ólafsfj. Reikn. 402205 unglínganefnd.....		199.897	112.875
Arionbanki Ólafsfj. Reikn. 110096.....		818.339	811.356
Viðskiptakröfur -útistandandi .....		289.007	454.760
Vörubirgðir .....		174.442	180.992
		<u>4.411.518</u>	<u>5.239.380</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><b>30.552.803</b></u>	<u><b>29.190.950</b></u>

Skuldir og eigið fé	Skýringar	2020	2019
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	8	25.999.965	25.489.602
<b>Eigið fé samtals</b>		<u><b>25.999.965</b></u>	<u><b>25.489.602</b></u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuld vegna Toro Workman HDX + sandari.....		2.400.000	1.650.000
		<u><b>2.400.000</b></u>	<u><b>1.650.000</b></u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Yfirdráttur á hlaupareikn 115.....		211.766	568.760
Ýmsar skuldir.....		1.931.397	1.448.969
Virðisaukaskattur.....		9.675	33.619
		<u><b>2.152.838</b></u>	<u><b>2.051.348</b></u>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>4.552.838</b>	<b>3.701.348</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u><b>30.552.803</b></u></u>	<u><u><b>29.190.950</b></u></u>

## Skýringar

	2020	2019
<b>1. Rekstrartekjur:</b>		
Félagsgjöld.....	2.862.910	2.527.975
Kappleikjatekjur.....	1.752.400	1.167.950
Golfkennsla.....		133.000
Veitingasala vsk-skylt.....	434.212	179.221
Golfvörusala vsk-skylt.....	351.944	302.667
Vallargjöld.....	824.496	424.300
Golfskápaleiga.....	30.000	33.000
Fjáröflun.....	93.150	139.049
	<u>6.349.112</u>	<u>4.907.162</u>
<b>2. Aðrar tekjur og styrkir:</b>		
Ú Í F .....	395.657	408.195
Lottó .....	315.965	275.687
Getraunir .....	3.405	4.953
Bæjarsjóður Fjallabyggðar .....	3.041.199	2.921.334
Íþróttá og Olympíusamband Íslands.....	133.460	60.108
Aðrir styrkir.....	1.718.013	1.683.431
Fjallabyggð framkvæmdastyrkur.....	4.000.000	4.000.000
Fjallabyggð framkvæmdastyrkur.....	(4.000.000)	(4.000.000)
	<u>5.607.699</u>	<u>5.353.708</u>
<b>3. Vörunotkun:</b>		
Birgðir 01.11. ....	180.992	458.660
Keyptar veitingavörur.....	331.067	116.637
Keyptar golfvörur.....	358.890	189.302
Birgðir 31.10. ....	(174.442)	(180.992)
	<u>696.507</u>	<u>583.607</u>
<b>4. Rekstur golfskála:</b>		
Fasteignagjöld.....	44.293	41.515
Rafmagn.....	86.980	79.777
Hitaveita.....	207.310	220.958
Viðhald .....	0	2.113
Tryggingar.....	72.871	69.900
Annar kostnaður.....	91.553	14.269
	<u>503.007</u>	<u>428.532</u>
<b>5. Rekstur véla og tækja:</b>		
Bensín og olíur .....	326.545	377.177
Viðhald .....	830.302	342.963
Tryggingar og bifrgjöld .....	105.336	100.470
	<u>1.262.183</u>	<u>820.610</u>



## Skýringar

	2020	2019
<b>6. Rekstur golfvallar:</b>		
Áburður og fræ. ....	574.399	350.006
Áhöld og verkfæri .....	61.802	24.000
Tryggingar .....	59.323	54.540
Efni v/ viðhalds og aðkeypt vinna .....	707.920	135.338
Laun og launat.gjöld .....	5.072.074	4.829.294
Annar kostnaður .....	7.211	
	<b>6.482.729</b>	<b>5.393.178</b>
<b>7. Annar kostnaður:</b>		
Verðlaunagripir.....	685.689	741.215
Ritföng, prentun og pappír.....	12.245	3.798
Sími.....	168.275	102.690
Bókhaldskostnaður.....	91.908	92.208
Auglýsingar.....	50.631	5.000
Golfsamband Íslands.....	464.400	421.200
Golfkennsla og ungl.starf.....	250.000	429.724
Kostn. v/ sveitakeppni.....	191.810	202.250
Flutningsgjöld.....	186.947	59.697
Ferðakostnaður.....	18.000	217.000
Ýmis kostnaður.....	0	4.109
	<b>2.119.905</b>	<b>2.278.891</b>
<b>8. Óráðstafað eigið fé:</b>		
Óráðstafað eigið fé 01.11. ....	25.489.602	25.733.789
Hagnaður (tap) ársins.....	510.363	(244.187)
	<b>25.999.965</b>	<b>25.489.602</b>